

Borgarstjórn
16. maí 2017

Tillaga um að 8. bekkjum í grunnskólum Reykjavíkur standi til boða sumarstörf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að öllum 8. bekkjum í grunnskólum Reykjavíkur standi til boða starf við Vinnuskóla Reykjavíkur í sumar. Þá er jafnframt lagt til að hugað verði að aukinni fjölbreytni og valmöguleikum í þeim störfum sem í boði verða.

Greinargerð:

Það hefur verið meginhlutverk Vinnuskólans hingað til að bjóða nemendum efstu bekkja grunnskólans upp á sumarstörf. Störfin hafa verið í uppbyggilegu og hvetjandi starfsumhverfi einkum við garðyrkju. Það er mikilvægt að þróa starfið og bjóða upp á meiri fjölbreytni til að koma til móts við þarfir og áhuga ungmenna á þessum aldri. Starfsstaðir Reykjavíkurborgar eru fjölmargir og víða má nýta krafta ungmennanna s.s. við létt viðhald og málningavinnu, á leikskólum, í sumarfrístund og víðar.

Markmið Vinnuskólans hafa ekki breyst mikið í árána rás. Unglingarnir öðlast víðsýni, fá þjálfun við verkleg störf og öðlast verkþekkingu sem er gott veganesti fyrir þá út í lífið. Aukið vægi Vinnuskólans mun skila sér í auknum forvörnum auk þess sem eftirsóknarverð sumarvinna er þroskandi fyrir unglíngana og hefur uppeldisfræðilegt gildi.

Ljóst er að Vinnuskólanum veitir ekki af liðsauka enda er víða verk að vinna við þrif og umhirðu í borginni.